

19 fluttar eru úr landi og ennfremur salt og ís, sem flutt er úr landi í íslensk fiski-
16. febr. skip til eigin afnota.

Með reglugerð þessari eru úr gildi felldar reglugerðir, um breyting á reglu-
gerð um hafnargjöld í Reykjavík frá 26. febrúar 1932 og frá 18. marz 1933.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt,
staðfestist hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

20

22. febr.

SAMÞYKKT

fyrir Fiskiræktar- og veiðifélagið Blanda.

1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktar- og veiðifélagið Blanda. Heimili þess og varnar-
þing er í Bólstaðarhlíð.

2. gr.

Félagssvæðið eru þessar jarðir: Þröm, Eldjárnsstaðir, Eiðsstaðir, Guð-
laugsstaðir, Höllustaðir, Syðri-Löngumýri, Ytri-Löngumýri, Tungunes, Kára-
staðir, Ásar, Hamar, Gunnfriðarstaðir, Kagaðarhóll, Smyrlaberg, Kaldakinn,
Hnjúkar, Blönduós, Enni, Breiðavað, Björnólfsstaðir, Yztagil, Miðgil, Engihlíð,
Glaumbær, Fremstagil, Geitaskarð, Holtastaðir með kotinu, Hvammur, Mó-
berg, Strjúgsstaðir, Gunnsteinsstaðir með Hólabæ, Auðólfsstaðir, Æsustaðir,
Gautsdalur, Mörk, Hvammur, Mjóidalur, Þverárdalur, Kálfárdalur, Bólstaðar-
hlíð, Botnastaðir, Gil, Fjósar, Skeggstaðir, Brattahlíð, Brún, Eiríksstaðir, Torfu-
staðir, Barkarstaðir, Bergsstaðir, Leifsstaðir með Steinárgerði, Steiná, Höll,
Skottastaðir, Hvammur, Kúfustaðir, Stafn, Fossar, Rugludalur, Bollastaðir, Ey-
vindarstaðir, Austurhlíð, Brandstaðir, Blöndudalshólar, Syðra-Tungukot,
Finnstunga, Ytra-Tungukot.

3. gr.

Verkefni félagsins er:

- a. að koma á og auka lax- og göngusilungs-veiði í Blöndu og ám, sem í hana
falla, svo sem með aðflutningi seiða, klaki, friðun, eyðing sels og annars
veiðivargs, ennfremur með því að laga farveg til að greiða fyrir fiskaför.
- b. að reka alla lax- og göngusilungsveiði í fiskihverfinu, og er því öllum,
sem veiðirétt eiga þar, óheimilt að stunda slíka veiði; þó má veiðifélagið
selja á leigu stangaveiði og annan veiðirétt í fiskihverfinu.

4. gr.

20

Stjórnina skipa fimm menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn og skipta sjálfir með sér verkum.

Ganga menn þannig úr stjórninni fyrstu árin: einn eftir eitt ár en tveir eftir tvö ár eftir hlutkesti.

Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu ef þess er óskað. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu í stjórn, nema lögmæt forföll banni eða hann hafi verið 6 ár í stjórn.

Stjórnin ber ábyrgð á eigum félagsins.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til allra funda og stýrir þeim. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi sem aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Árgjald félagsmanna greiðist eftir gildandi gjaldskrá félagsins settri 5. marz 1930. (St.t. bls. 49—51 1930).

Eftir sömu skrá skal arði félagsins skipt milli félagsmanna og er hún því jafnframt arðskrá félagsins. Aðalfundur getur þó árlega ákveðið, að allur arður eða nokkur hluti hans renni í félagssjóð. Gjaldskránni og arðskránni má aðeins breyta samkvæmt þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

7. gr.

Andvirði veiðinnar skal varið þannig:

1. Greiddur sölukostnaður og allur kostnaður við veiðina og, sem af henni hefir leitt.
2. Bíði einhver tjón á laxveiði á félagssvæðinu vegna félagsveiðinnar og hafi hún verið stunduð síðastliðin 10 ár, þá á hann kröfu á endurgjaldi fyrir þann missi, er greiðist af andvirði félagsveiðinnar, þegar fyrsti liður er að fullu greiddur.

Náist ekki samkomulag milli félagsins og þess, er fyrir skaðanum verður, um endurgjaldið, þá skulu dómkvaddir menn meta hreinan ágóða (ágóða að frádregnum kostnaði við veiðina og söluna), er hlutaðeigandi kann að hafa haft síðastliðin 10 ár og skipta þeirri upphæð, er þá fæst með 10. Er þá fengin sú upphæð, sem félagið skal árlega greiða hlutaðeiganda, ef tekjur af veiðinni hrökkva til. Að öðrum kosti fá þessir aðilar tiltölulega af eftirstöðvunum meðan þær hrökkva.

Nú skyldi félagið alfríða árnar, skal þá endurgjaldskröfunni skipt niður á næstu 5—10 ár, þannig, að ekki séu líkur til að hlutaðeigendur missi svo nokkru nemi við friðunina.

- 20 3. Því sem þá verður eftir, skal annaðhvort skipt á milli félagsmanna sam-
22. febr. kvæmt arðskránni eða lagt í sjóð félagsins.

8. gr.

Gjaldldagi árgjaldanna er 15. júlí og má taka þau lögtaki.

9. gr.

Aðalfundur skal haldinn í marz mánuði ár hvert og skal hann boðaður með þriggja vikna fyrirvara mað auglýsingu á þessum stöðum: Bólstaðarhlíð, Ytri-Löngumýri, Holtastöðum og Blönduósi. Jafnframt skulu á sömu stöðum lagðar fram til sýnis helztu tillögur stjórnarinnar um starfrækslu félagsins á því ári.

Á fundinum leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess á liðna árinu og leggur fram áætlun um starfstilhögun og starfrækslukostnað á yfirstandandi ári.

Aðalfundur ákveður árgjaldið, hve miklu skuli úthlutað af arði, hvernig veiði skuli rekin á árinu, hverju skuli varið til fiskiræktar og svo framvegis.

Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur reikninga.

Afl atkvæða ræður árslitum mála á fundum nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykkt þessari.

10. gr.

Stjórn félagsins boðar til aukafunda þegar henni þykir ástæða til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess skriflega ásamt tilgreindu fundarefni.

11. gr.

Fundir eru lögmætir, ef þeir eru löglega boðaðir.

12. gr.

Félagar eru allir eigendur þeirra jarða, sem taldir eru hér upp, nema þar sem ábúendur hafa með samþykki eiganda og lögmæts félagsfundar gerzt félagsmenn í þeirra stað.

Hver félagi hefir eitt atkvæði á fundum og má hann fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundargerð.

13. gr.

Félagsmönnum og þeim öðrum, er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax og silung, nema þeir sanni að það eigi að nota netið í vatni utan félagssvæðisins. Öll net, sem nota á til veiða í fiskihverfinu, skulu merkt með merki félagsins, sem er orðið Blanda. Um veiði til klaks og vísindalegra rannsókna fer eins og lög mæla fyrir.

14. gr.

20

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 1000 króna sektum, er renna í sýslusjóð og skulu öll veiðarfæri gerð upptæk, sem notuð eru ólöglega. 22. febr.

15. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkja og breytingartillögurnar hafa verið birtar með fundarboðinu.

16. gr.

Nú þykir æskilegt að slita þessum félagsskap, þá er það heimilt ef tveir löglega boðaðir fundir samþykkja að leggja félagið niður með $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Með samþykkt þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Fiskiræktarfélagið Blöndu, frá 5. marz 1930.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

21

fyrir félagið Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

22. febr.

1. gr.

Félagið heitir „Rafveita Austur-Húnavatnssýslu“, og er heimilisfang þess og varnarþing á Blönduósi.

2. gr.

Þátttakendur félagsins eru:

- a. Sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu,
- b. Kaupfélag Húnvetninga og Sláturfélag Austur-Húnvetninga, og
- c. Sveitarsjóður Blönduósshrepps.

3. gr.

Verkefni félagsins er að afla íbúum Blönduóss og fyrirtækjum, sem þar eru rekin, raforku til heimilisþarfa, iðnaðar og annara þarfa. Ennfremur að